

Mál nr. 161/2017**M
og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar A.****Ágreiningur um bótaskyldu er kennari féll á hálfu á bifreiðastæði við grunnskóla.****Gögn.**

Málskot, móttakið 10.5.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 24.5.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Um morguninn 17. desember 2015 hafði M, kennari við grunnskóla sem rekinn er af A, verið að vinna ásamt nemendum og öðrum kennurum að undirbúningi jólaskemmtunar í íþróttahúsi skólans. Um kl. 13:45 hugðist M fara í bifreið sína á bifreiðastæði skólans til að sækja sér nesti. Á leið yfir bifreiðastæðið rann M á hálfu og datt með þeim afleiðingum að hún handleggsbrotnaði.

Samkvæmt upplýsingum frá skólanum var búið að sanda á gönguleiðum á bifreiðastæðinu en beðið hafði verið eftir frekari þjónustu frá sveitarfélaginu. Hitastig var rúmar 4°C þegar slysið varð og hafði farið lítið eitt hlýnandi um morguninn. Slysið var ekki tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins.

M telur að slysið megi rekja til vanrækslu af hálfu A við að tryggja öryggi starfsmanna á vinnustað og hefur í því sambandi vísað til nánar tilgreindra ákvæða í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Jafnframt hafi slysið ekki verið tilkynnt Vinnueftirlitinu eins og skylt hafi verið skv. 79. gr. sömu laga. Telur hún A bera skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sínu og hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Slysið varð um miðjan desember og viðbúið að hálka hafi verið víðsvegar í bæjarfélaginu. Gönguleiðir höfðu verið sandbornar en ekki tekist sandbera sjálf bifreiðastæðið með stórvirkari tækjum en sjálfur skólinn réð yfir. Oft getur reynst erfitt að gera ráðstafanir þannig að hálka sé upprætt algjörlega á stórum svæðum eins og bifreiðastæðum. Eins og aðstæðum var háttað í þessu tilviki verður A ekki kennt um að M hafi dottið á hálfu á bifreiðastæðinu. Engu breytir í þessu sambandi þótt slysið hafi ekki verið tilkynnt Vinnueftirlitinu. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 28. júní 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.